



E 3/2017

Fyrirspyrjandi Hanna Kosonen (cent)
Til Ríkisstjórn Danmerkur, Finnlands, Íslands og Noregs

Til Ríkisstjórn Danmerkur, Finnlands, Íslands og Noregs

Skrifleg fyrirspurn um viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir (ETS)

Viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir (ETS) nær til tæplega helmings heildarlosunar sambandsins. Verðið á kolefniskvótum hefur verið lágt eða 5-6 evrur á tonnið á árinu 2016. Lágt verð letur menn til að draga úr losun. Þegar viðskiptakerfið var sett á laggirnar var gert ráð fyrir að verðið yrði um 30 evrur. Ástæðan er sú að losunarkvótar kerfisins eru miklu fleiri en eftirspurn gefur tilefni til. Ein skýringin er sú að ýmsar aðrar aðgerðir hafa stuðlað að auðlinda- og orkunýtni og dregið úr losun. Önnur mikilvæg útskýring er sú að kvótum hefur verið úthlutað af of miklu örlæti. Noregur og Ísland eru aðilar að viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir (ETS) og óska eftir aðild að samningi ESB um innri skiptingu byrðanna.

Á fundi norrænu sjálfbærninefndarinnar og umhverfisráðherranna (MR-M) kom fram að Svíar hafa ákveðið að verja 300 milljónum sænskra króna til kaupa á kvótum sem síðan verða numdir úr gildi. Kolefnisverðið í ETS-kerfinu ræðst af framboði og eftirspurn. Markmiðið með aðgerðum Svía er að draga úr framboði. Danski ráðherrann lét í ljós á fundinum að um áhugavert framtak væri að ræða.

Með hliðsjón af framangreindu beini ég fyrir hönd norrænu sjálfbærninefndarinnar eftirfarandi fyrirspurn til ríkisstjórn Danmerkur, Finnlands, Íslands og Noregs:

1. Áforma norrænu löndin fjögur að fara að dæmi Svía og kaupa kolefniskvóta í viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir (ETS) í þeim tilgangi að nema þá úr gildi.
2. Áforma löndin aðrar aðgerðir til að auka áhrif ETS-viðskiptakerfisins í loftslagsmálum?

7. febrúar 2017

Hanna Kosonen (cent)